

## Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2013 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Kjartansdóttur og Önnu Katrínu Vilhjálmisdóttur frá utanríkisráðuneyti og Jón Vilberg Guðjónsson frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Minnisblað barst nefndinni frá utanríkisráðuneyti.

Utanríkismálanefnd hefur áður, í samræmi við 2. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála, fjallað um tilskipun 2011/77/ESB um breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda, til mats á því hvort efnislegra aðlagana sé þörf. Málið var þá komið til umfjöllunar í vinnuhópi EFTA og var utanríkismálanefnd upplýst um málið, skv. 2. mgr. 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. 2. og 7. gr. framangreindra reglna, með skeyti frá utanríkisráðuneyti, dags. 22. ágúst 2012, ásamt fylgi-gögnum. Í því ferli hlaut tilskipunin efnislega umfjöllun í allsherjar- og menntamálanefnd.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2013, frá 3. maí 2013, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB um breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda. Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 3. nóvember 2013. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Tilskipunin kveður á um lengingu verndartíma listflutnings í hljóðritum, úr 50 árum í 70 ár, eftir að flutningur fór fram eða frumupptaka varð gerð, eða eftir fyrstu útgáfu upptökunar, og samræmingu á verndartíma höfundaréttar milli aðildarríkjanna þegar um ræðir tónverk með texta. Við umfjöllun nefndarinnar var bent á að mikilvægt væri að tryggja að listflytjendur nyту fjárhagslegs ávinnings af lengingu verndartíma hljóðrita til jafns við verndartíma höfunda, sem er 70 ár. Í minnisblaði frá utanríkisráðuneyti er enn fremur bent á að útreikningur verndartíma tónverks með texta verði samræmdur í þeim tilvikum þegar það er samið af mismunandi einstaklingum. Í þeim tilvikum skuli verndartími vera 70 ár frá andláti þess höfundar sem lengst lifir.

Innleiðing framangreindrar gerðar kallar á lagabreytingar hér á landi. Mun mennta- og menningarmálaráðherra í því skyni leggja fram frumvarp til laga um breytingar á höfundalögum, nr. 73/1972, til innleiðingar á ákvæðum tilskipunarinnar. Frumvarpið mun að líkindum koma til umfjöllunar í allsherjar- og menntamálanefnd.

Ekki er gert ráð fyrir að innleiðing tilskipunarinnar muni hafa í för með sér stjórnsýslulegar og efnahagslegar afleiðingar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Birgitta Jónsdóttir, áheyrnarfulltrúi í utanríkismálanefnd, er samþykkt álit þessu.

Alþingi, 22. nóvember 2013.

Birgir Ármannsson,  
form.

Óttarr Proppé,  
frsm.

Árni Þór Sigurðsson.

Silja Dögg Gunnarsdóttir.

Vilhjálmur Bjarnason.

Össur Skarphéðinsson.

## Fylgiskjal.

### Álit

um upptöku tilskipunar (ESB) nr. 2011/77/ESB er varðar verndartíma höfundaréttar.

Frá allsherjar- og menntamálanefnd.

Nefndin hefur í kjölfar ábendingar ritara EES-mála frá 23. ágúst 2012, með hliðsjón af 2. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála, fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Pálsson frá utanríkisráðuneytinu og Jón Vilberg Guðjónsson frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Nefndin leitaði einnig álits hjá stjórn Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda og hjá Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar.

Málið kom nýlega til umfjöllunar í vinnuhópi EFTA og má telja líklegt að það leiði til upptöku tilskipunar (ESB) nr. 2011/77 í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Nefndin hefur með umfjöllun sinni leitast við að kalla fram sjónarmið sem líta mætti til við mat á því að hvaða leyti efnislegar aðlögunar kann að reynast þörf.

Tilskipunin fjallar um lengingu á verndartíma einkaréttar listflytjanda á hljóðritun af listflutningi og höfundarétti hljómplötuframleiðanda, úr 50 árum í 70 ár eftir að flutningur fór fram eða frumupptaka varð gerð, eða eftir fyrstu dreifingu upptökunnar og samræmingu á verndartíma höfundaréttar milli aðildarríkjanna þegar um ræðir tónverk með texta.

Á þessu stigi verður ekki séð að sérstaka efnislega aðlögun þurfi vegna íslenskra hagsmuna, svo sem undanþágur, sérlausnir eða frest á gildistöku. Allsherjar- og menntamálanefnd gerir því á þessu stigi ekki athugasemdir við málið.

Alþingi, 15. október 2012.

Skúli Helgason.  
Þráinn Bertelsson.  
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.  
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.  
Siv Friðleifsdóttir.  
Arnbjörg Sveinsdóttir.